Málsmeðferð vegna brota á reglum
Gerist nemandi brotlegur við reglur skólans
er unnið samkvæmt eftirfarandi vinnureglum

Munnleg áminning

Nemandi er áminntur munnlega og fær tækifæri til að leiðrétta hegðunina.

Starfsmaður æfir regluna með nemandanum.

Atvik skráð

Fari nemandi ekki eftir fyrirmælum er atvikið skráð í Mentor. Starfsmaður sem kemur fyrstur að málinu leitast við að leysa það strax. Þeir sem ekki hafa aðgang að viðkomandi nemanda í Mentor skrá atvikið á þar til gerðan miða og koma honum til umsjónarkennara. Samband er haft við forráðamenn ef ástæða þykir til.

Nemandi er upplýstur um að atvikið verði skráð í Mentor þar sem forráðamenn hafa aðgang.
Ef rætt er við forráðamenn, skráir kennari niðurstöður í Mentor.

Kennarar nýta viðtalstíma í hverri viku til að skoða skráningar sem gerðar hafa verið í dagbók nemenda.

Alvarlegt brot

Atvikið skráð. Umsjónarkennari upplýstur strax. Forráðamenn upplýstir um atburðinn og boðaðir til fundar.

Nemandi látinn bíða við skrifstofur í stjórnunarálmu þar til umsjónarkennari og deildarstjóri eða skólastjóri getur tekið við málinu. Boðað er til fundar með forráðamönnum við fyrsta tækifæri.

Eldri skráningar kannaðar – lausnir fundnar til úrbóta og viðurlög ákveðin samkvæmt leiðum skólans til úrbóta og viðurlögum við brotum á skólareglum.
Ákveðið hvenær á að halda fund með forráðamönnum næst til að meta og ákveða hvernig unnið skal áfram.

Umsjónarkennari skráir niðurstöður fundarins í Mentor.